

DV



SJÓVARPIÐ

- 15.00 Íþróttabátturinn. M.a. bein útsending frá leik IBK og KA í Íslandsmótinu í knattspyrnu.
- 18.00 Dvergarikið (12). (La Llamada de los Gnomos.) Spænskur teiknimyndaflokkur í 26 þáttum. Þýðandi Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir. Leikraddir Sigrún Edda Björnsdóttir.
- 18.25 Bangsi bestaskinn. (The Adventures of Teddy Ruxpin.) Breskur teiknimyndaflokkur um Bangsa og vini hans. Þýðandi Guðni Kolbeinsson. Leikraddir Örn Arnason.
- 18.50 Táknmálstréttir.
- 18.55 Háskaslóðir. (Danger Bay.) Kanadískur myndaflokkur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.
- 19.30 Hringrás. Dagskrá frá fréttastofu sem hefst á fréttum kl. 19.30.
- 20.20 Réttan á röngunni. Gestablaust í sjónvarpsall. Í þessum þætti mætast keppendur frá löntækni- stofnun og Hjartavernd. Umsjón Elísabet B. Þórisdóttir. Stjórn upptöku Þór Elís Pálsson.
- 20.40 Lottó.
- 20.45 Gleraugnaglámur. (Clarence.) Nýr breskur gamanmyndaflokkur með Ronnie Barker í aðalhlutverki. Þýðandi Ólóf Pétursdóttir.
- 21.20 Filadelfíutilraunin. (The Philadelphia Experiment.) Bandarísk biómynd frá 1984. Leikstjóri Stewart Raffill. Aðalhlutverk Michael Paré, Nancy Allen og Eric Christmas. Bandarísk flötinn er að gera ratsjártilraunir úti á sjó í seinni heimsstyrjöldinni.
- 23.05 Astir og örlög á ólgutímum. (Le mariage l'an II.) Frönsk gamanmynd frá 1974. Leikstjóri Jean-Paul Rappeneau. Aðalhlutverk Jean-Paul Belmondo, Marlène Jobert, Pierre Brasseur og Samy Frey. Alþýðumaður flýr til Ameríku skömmu fyrir frönsku stjórnarbyltinguna. Þar kemst hann í álnir og hyggst giftast stúlku af ríku fólki. Þá kemst upp að hann er kvæntur fyrir í heimalandi sínu. Þýðandi Ólóf Pétursdóttir.
- 0.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlök.



- 9.00 Með Begnu frænku. Halló krakkar! Í dag er síðasti dagurinn minn með ykkur. Það er ógúlega mikið að gera hjá mér vegna þess að ég er að pakka öllu döttu mínu niður í kistuna mína. Ég er búin að fá farniðann minn og er á leið til útlanda aftur. Auðvitað sýni ég ykkur teiknimyndir og í dag sjáum við Ömmu, Villu, Grimms-ævintýri, Blöðfana, Óskaskóglinn og Snorkana. Myndirnar eru allar með íslensku tali.
- 10.35 Jól hermaður. Ævintýraleg og spennandi teiknimynd um alþjóðlegar heitir sem eru að vernda heimsfriðinn.
- 11.00 Heitir himingeimsins. Teiknimynd með íslensku tali um Sólrúnu.
- 11.25 Henderson-krakkarnir. Vandað- ur áðralskur framhaldsflokkur um systkinin Tam og Steve sem nú eru flutt til borgarinnar.
- 11.55 Ljáuð mér eyra... Endursýnum þennan tónlistarþátt.
- 12.25 Lagt ánn. Endurtekin þáttur frá síðastliðnum sunnudegi.
- 12.55 Morð í þremur þáttum. Murder in Three Acts. Eitt ástsælasta hugafóstrur Agóthu Christie, nefnilega Hercule Poirot, er hér í höndum hins frábæra leikara Peters Ustinov. Kvikmyndin er byggð á samnefndi bók skáld- konunnar. Aðalhlutverk. Peter Ustinov, Tony Curtis, Emma Samms og Jonathan Cecil.
- 14.30 Falcon Crest.
- 15.25 Prinsessan. Princess Daisy. Framhaldskvikmynd í tveimur hlutum. Fyrri hluti. Áhrifark og ástríðufull saga hinnar fögru dóttur rússneska prinsins og bandarísku kvikmyndastjörnu- unnar. Ógæfusamri æsku sinni eyðir hún í Evrópu. Örlögin verða þess valdandi að félaus kemur prinsessan til Bandaríkjanna.
- 17.00 Íþróttir á laugardegi. Meðal annars verður lítið yfir íþróttir helgar- innar, úrslit dagsins kynnt o.fl. skemmtilegt. Umsjón: Heimir Karlsson og Birgir Þór Bragason.
- 19.19 19:19. Fréttir og fréttatengt efni ásamt veður- og íþróttaréttum.
- 20.00 Líf í tuskunum. Rags to Riches. Líflægur bandarískur mynda- flokkur sem tilvalið er fyrir alla fjölskylduna að horfa á með poppkörm og gos. Aðalhlutverk: Joseph Bologna, Bridgette Mic- hele, Kimiko Gelman, Heidi Zeigler, Blanca DeGarr og Tisha Campbell.
- 20.55 Draugabarnar. Ghostbusters. Þegar draugarirnir leika lausum hala eru aðeins þrír menn sem geta bjargað heiminum. Það eru hinir víðfrægu Draugabarnar en þeir hafa sérhæft sig í dulsálar- fræði og yfirskiptilegum hlutum.

- Aðalhlutverk: Bill Murray, Dan Aykroyd, Sigourney Weaver og Harold Ramis. Leikstjóri: Ivan Reitman. Bönnuð börnum.
- 22.45 Herskyldan. Nam, Tour of Duty. Bandarísk spennuþáttaröð um herflokki í Víetnam. Aðalhlutverk: Terence Knox, Stephen Caffrey, Joshua Maurer og Ramon Fran- co.
- 23.35 Ókindin 3. Jaws 3. Frægasta ókind allra tíma er mætt á nýjan leik og enn hrottalegri en nokk- urn tímann áður. Undan strönd- um Flórída stendur yfir opnun á n+yjum neðansjávargöngum þar sem gestum gefst kostur á að sjá dýrariki hafsinns betur en áður. Við opunarathöfnina er mikið af mektarfólki en fyrir tilvilj- un slæðist óþóðinn hákarlakálfur inn á lokað svæði lönsins. Aðal- hlutverk: Simon MacCorkindale, Louis Gossett Jr., Dennis Quaid og Ross Armstrong. Leikstjóri: Joe Alves. Stranglega bönnuð börnum.
- 1.10 Sunnudagsmörðinginn. Sunday Killer. Glæpamaður, sem myrðir ríkar konur á sunnudögum, gengur laus. Lögreglan stendur ráðþrota frammi fyrir málinu og mörðinginn er íðinn við að gefa lögreglunni villandi vísbending- ar. Til skjalanna kemur ungur fiðuleikari, Leopold að nafni. Hann reynir að rekja slóð mörð- ingjans en eftir því sem á líður beinist grunur að honum. Bönn- uð börnum.
- 2.45 Óhugnaður í óbyggðum. Deliv- erance. Þetta er spennumynd sem segir frá kanóferð fjögurra vina niður stórstreymt fljótt. En brátt breytist þessi skemmtiferð þeirra félaga í óhugnanlega martröð sem á eftir að draga dill á eftir sér. Aðalhlutverk: Jon Voight, Burt Reynolds, Ned Beatty og Ronny Cox. Leikstjóri og fram- leiðandi: John Boorman. Strang- lega bönnuð börnum.
- 4.30 Dagskrárlök
- Rás I
FM 92,4/93,5
- 6.45 Veðurfregnir. Bæn, séra Örn Bárður Jónsson flýtur.
- 7.00 Fréttir.
- 7.03 Góðan dag, góðir hlustendur. Pétur Pétursson sér um þáttinn. Fréttir sagðar kl. 8.00, þá lesin dagskrá og veðurfregnir sagðar kl. 8.15. Að þeim lokaum heldur Pétur Pétursson áfram að kynna morgunlögin.
- 9.00 Fréttir. Tilkygningar.
- 9.05 Lítil barnatíminn á laugardegi. Myndabókin. Skoðuð bókinn Elsku líti grís eftir Ulf Nilsson og Evu Eriksson í þýðingu Þórar- ins Eldjárn. Umsjón: Gunnvör Braga.
- 9.20 Sigildir morguntónar.
- 9.35 Hlustendapjónustan. Sigrún Björnsdóttir svarar fyrirspurnum hlustenda um dagskrá Útvarps og Sjónvarps.
- 9.45 Innlent fréttayfirlit vikunnar. Fréttir. Tilkygningar.
- 10.10 Veðurfregnir.
- 10.30 Haustmorgunn í garðinum. Umsjón: Hafsteinn Hafíðason.
- 11.00 Tilkygningar.
- 11.05 Í líðinni viku. Að þessu sinni er þættinum útvarpað beint frá Höfn í Hornafirði. Umsjón: Inga Rósa Þórðardóttir.
- 12.00 Tilkygningar. Dagskrá.
- 12.20 Hádegisfréttir.
- 12.45 Veðurfregnir. Tilkygningar.
- 13.00 Hér og nú. Fréttabáttur í vikulok- in. Tilkygningar.
- 13.30 Tónlist á laugardegi.
- 14.00 Tilkygningar.
- 14.03 Dagur í Dyflinni. Ævar Kjartans- son svipast um í höfuðstað írska lýðveldisins í upphafi írskrar viku í Útvarpinu.
- 15.00 Þetta vil ég heyra. Leikmaður velur tónlist að sínu skapi. Um- sjón: Bergþóra Jónsdóttir.
- 16.00 Fréttir. Tilkygningar. Dagskrá.
- 16.15 Veðurfregnir.
- 16.20 Sumarferðir Barnaútvarpsins - Ferðamaður í Reykjavík. Umsjón: Sigur- laug M. Jónsdóttir.
- 17.00 Leikandi létt. - Ólafur Gaukur.
- 18.00 Af lífi og sál - Flugáhugi. Erla B. Skúladóttir ræðir við Guðrúnu Ólsen flugkennara og Stefán Sæmundsson framkvæmda- stjóra. Tónlist. Tilkygningar.
- 18.45 Veðurfregnir. Tilkygningar.
- 19.00 Kvöldfréttir.
- 19.30 Tilkygningar.
- 19.32 Ábætur. Þættir úr svitunni Grand Canyon eftir Ferde Grofé. Sin- fónihljómsveitin í Detroit leikur; Antal Dorati stjórnar. (Af hljómp- lötum)
- 20.00 Sagan: Búrið eftir Ölgu Guðrúnu Arnadóttur. Höfundur les (8.)
- 20.30 Visur og þjóðlög.
- 21.00 Slegið á léttari strengi. Inga Rósa Þórðardóttir tekur á móti gestum. (Frá Egilsstöðum)
- 21.30 Íslenskir einsöngvarar. Jóhann Konráðsson syngur íslensk lög. (Af hljómbandi)
- 22.00 Fréttir. Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.15 Veðurfregnir.
- 22.20 Dansað með harmonikuunn- endum. Saumastofudansleikur í Útvarphúsinu. (Áður útvarpað

- sl. vetur.) Kynnir: Hermann Ragnar Stefánsson.
- 23.00 Línudans. Örn Ingi ræðir við hjónin Guðrúnu Þóru Bragadótt- ur félagsráðgjafa og Gunnar Mát Gunnarsson, dýralækni á Húsa- vík. (Frá Akureyri)
- 24.00 Fréttir.
- 00.10 Svölitið af og um tónlist undir svefninn. Jón Örn Marinósson kynnir.
- 01.00 Veðurfregnir.
- 01.10 Næturútvarp á báðum rásum til morguns.



- 8.10 Á nýjum degi. með Péttri Grétars- syni.
- 10.03 Nú er lag. Gunnar Salvarsson leikur tónlist og kynnir dagskrá Útvarps og Sjónvarps.
- 12.20 Hádegisfréttir.
- 12.45 Íþróttarásin. Íþróttaréttamenn fylgjast með lokaumferð 1. deild- ar karla á Íslandsmótinu í knatt- spyrnu. Liðin sem leika eru: Val- ur-KR, Þór-ÍA, ÍBK-KA, FH- Fylkir og Fram-Víkingur.
- 17.00 Fyrirmyndarfólk. lítur inn hjá Lisu Pálsdóttur.
- 19.00 Kvöldfréttir.
- 19.31 Áfram Ísland. Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 20.30 Kvöldtónar.
- 22.07 Síbyljan. Sjóðheitt dúndurpopp beint í græjurnar. (Einnig útvarp- að nk. föstudagskvöld á sama tíma.)
- 00.10 Út á lífið. Anna Björk Birgis- dóttir ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalog.
- 02.00 Næturútvarp á báðum rásum til morguns. Fréttir kl. 7.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

NÆTURÚTVARP

- 02.00 Fréttir.
- 02.05 Eftirlætislögin. Svanhildur Jak- obsdóttir spjallar við Tómas A. Tómasson veitingamann sem velur eftirlætislögin sín. (Endur- tekin þáttur frá þriðjudegi á rás 1.)
- 03.00 Róbótarokk. Fréttir kl. 4.00.
- 04.30 Veðurfregnir.
- 04.35 Næturnótur.
- 05.00 Fréttir af veðri og flugsam- göngum.
- 05.01 Áfram Ísland. Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 06.00 Fréttir af veðri og flugsam- göngum.
- 06.01 Úr gömlum belgjum.
- 07.00 Morgunpopp.



- 9.00 Pétur Steinn Guðmundsson. At- hyglisverðir og vel unnir þættir um allt milli himins og jarðar, víðtöl við merkilegt fólk sem vert er að hlusta á.
- 13.00 Íþróttadeldin með nýjustu fréttir úr sportinu.
- 16.00 Bjarni Dagur Jónsson. Ljúf dag- skrárstund með þessum vinsæla útvarpsmanni, þar sem hann leik- ur tónlist og fær menn í víðtöl. Sveitatónlist í hávegum höfð.
- 22.00 Halþór Freyr Sigmundsson. Strákurnir eru búinn að dusta ryk- ið af bestu diskósmellum síðustu ára og spilar þau ásamt því að skila kveðjum til hlustenda. Sim- inn 61-11-11.
- 3.00 Næturvakt Bylgjunnar.



- 9.00 Sigurður Helgi Hlíðversson. Fjör- við fóninn. Nú er mál að linn. Það er ekki aftur snúið þegar Siggi byrjar. Brjálaðislega hress lög og alls kyns uppátæki. Ertu að bóna bilinn eða ryksuga íbúð- ina? Ef svo er spilar Siggi Hlíð- vers réttu rónlistina sem þú vilt heyra.
- 13.00 Kristófer Helgason. Nú ættu allir að vera í góðu skapi og um að gera að biðja um uppáhaldsliðið sitt eða senda afmælis- kveðju. Það er ýmislegt í gangi hjá Kristó. Siminn beint inn til Kristófers er 681900.
- 18.00 Snorri Sturluson. Ætlaðu út á lífið í kvöld? Ef svo er kemstu í rétta skapið því öll vinsælustu danslögini heyrirðu hjá Snorra.
- 22.00 Halþór Freyr Sigmundsson mættur á næturvaktina með allt á hreinu. Hafi flýtur klístraðar kveðjur milli hlustenda og fær sjálfur að eiga 3% af öllum kveðj- um. Siminn 611111.
- 3.00 Næturvakt Stjörnunnar.



12.00 FA.

Laugardagur 16. september



Draugabarnarnir þrír, Dan Aykroyd, Bill Murray og Harold Ramis.

Stöð 2 kl. 20.55:

Draugabarnarnir

Fyrir stuttu var frumsýnd í Bandaríkjunum myndin Draugabarnarnir II og hefur hún notið gífurlegra vinsælda vestan hafs, ekki minni vinsælda en fyrirrennari hennar sem sýndur verður á Stöð 2 í kvöld.

Þessi makalaus gamanmynd segir frá þremur drauga- bönum sem selja þjónustu sína og er mikið að gera, enda mikið um drauga í stórborginni sem ekki láta að stjórn. Þeir félagar lenda því hinum stórkostlegustu ævintýrum. Aðalhlutverkin, draugabarnana þrjá leika Bill Murray, Dan Aykroyd og Harold Ramis. Þeir tveir síðarnefndu sömdu einnig handrit að myndinni. Þá leikur Sigourney Weaver einnig stórt hlutverk í myndinni, stúlku sem ver- ur nokkurs konar fjórði draugabarninn.

Það ætti engum að leiðast yfir Draugabönunum. Félagarn- ir þrír fara á kostum, sérstaklega er Bill Murray fyndinn og má segja að þessi mynd hafi gert hann að stórstjörnu. Tæknilega séð er myndin sérlega vel gerð og eru sumar senurnar stórfenglegar.

-HK

Rás 2 kl. 12.45 – Íþróttarásin

Lokaumferð Íslandsmótsins

Íslandsmótinu í knattspyrnu, sem er að ljúka í dag, hefur verið eitt það mest spennandi frá upphafi. Allir leikirnir sem leiknir verða í dag og hvert mark sem skorað verður getur ráðið úrslitum um það hverjir vinna Íslandsmeistara- titilinn og hverjir falla í aðra deild.

Leikirnir í 1. deildinni hefjast allir kl. 14 í dag og verður íþróttarásin með lýsingar frá þeim öllum. Þá verður einn leikur í beinni útsendingu í sjónvarpinu, KA – ÍBK.

Þá verður einnig fylgst með 2. deildinni en þar er spenn- andi að sjá hvort það verður ÍBV eða Víðir sem fylgja Stjörn- unni upp í 1. deild að ári.

Sjónvarp kl. 21.20:

Fíladelfíutilraunir

Fíladelfíutilraunin (The Philadelphia Experiment) er vísindaskáldsögukvik- mynd sem hefst árið 1943. Verið er að gera tilraunir með ratsjá í tundurspillin- um Eldridge. Í fyrstu virðist sem tilraunin ætli að takast en skyndilega gerist eitt- hvað sem enginn skilur. Tundurspillirinn hverfur af ratsjám í höfuðstöðvum hersins og enginn veit hvað hefur orðið um hann.

Á meðan verður áhöfn tundurspillisins fyrir ótrú- legum þrýstingi sem dregur alla áhafnarmeðlimi til dauða að undanskildum tveimur sjóliðum, David og Jim, sem vakna upp í eyði- mörk langt frá sjónum. Þeir halda af stað og koma að kaffihúsi. Eitthvað finnst þeim allt skrytið, síminn er öðruvísi en þeir eiga að venjast og enginn kannast við herskipið eða yfirmenn þeirra. Áður en langt um



Michael Paré leikur aðal- hlutverkið í Fíladelfíuti- lrauninni, sjóliða sem ferð- ast fjórtíu ár fram í tímann.

líður uppgötva þeir að þeir eru í Nevada-eyðimörkinni inn á miðju tilraunasvæði og árið er 1984...

Fíladelfíutilraunin er ágæt spennumynd og um margt forvitnileg og ættu allir sem hafa gaman af vís- indaskáldsögukvikmynd- um að vera ánægðir með hana.

Bylgjan:

Bjarni Dagur á laugardögum

Bjarni Dagur Jónsson hefur gengið til liðs við Bylgjuna og verður með þátt síðdegis á laugardögum. Hann verður með „ljúfa dagskrárstund“ þar sem uppistaðan verður létt og mjúk laugardagstónlist og verður sveitatónlist í hávegum höfð.

Þá verður hann með víðtöl við fólk og leitað verður svara við spurningum um fréttir og ýmsa atburði. Inn á milli verður fléttað fröðlegu efni um matargerð og húsráðum. Og að venju verður léttu gríni og spaugilegu efni troðið inn á milli hjá Bjarna Degi og hlustendur fá að velja klaufa vikunnar.

- 14.00 FG.
- 16.00 IR.
- 18.00 MH.
- 20.00 MS.
- 22.00 FB.
- 24.00 Næturvakt í umsjón IR. Óskalog & kveðjur, sími 680288.
- 4.00 Dagskrárlök.



- 7.00 Felix Bergsson.
- 12.00 Steinunn Halldórs.
- 15.00 Á laugardegi. Stefán Baxter og Nökkvi Svavarsson.
- 18.00 Kiddi Bigfoot. „Þarí – ball.“
- 22.00 Sigurður Ragnarsson.
- 3.00 Nökkvi Svavarsson.



- 10.00 Plötusafnið mitt Steinar Viktors- son.
- 12.00 Miðbæjarsveifla. Útvarp Rót kannar mannlífið í miðbæ Reykjavíkur og leikur fjölbreytta tónlist að vanda.
- 15.00 Af vettvangi baráttunnar. Göml- um eða nýjum baráttumálum gerð skil.
- 17.00 Dýpli.
- 18.00 Þertur fyrir svin. Halldór Carls- son.
- 19.00 Fés. Unglingabáttur í umsjón Árna Freys og Inga.
- 21.00 Síbyljan með Jóhannesi K. Krist- jánssyni.
- 23.30 Rótar draugar.
- 24.00 Næturvakt.



- 5.00 Poppþáttur.
- 6.00 Gríníðjan. Barnaþættir.
- 10.00 Trans World Sport. Íþróttabátt- ur.
- 11.00 Veröld Frank Bough's. Hei- mildamynd.
- 12.00 Jameson's Week. Rabbþáttur.
- 13.00 Fjölbragðaglima (Wrestling).
- 14.00 The Bionic Woman. Spennu- myndaflokkur.
- 15.00 50 vinsælustu lögin.
- 16.00 Dolly. Tónlistarþáttur.
- 17.00 Sky Star Search. Hæfileikabátt- ur.
- 18.00 Óákveðið.
- 19.00 Óákveðið.
- 21.00 Fjölbragðaglima. (Wrestling)
- 22.00 Fréttir.
- 22.30 Poppþáttur.



- 13.00 Eagle's Wing.
- 15.00 Baxter.
- 17.00 Going in Style.
- 19.00 Hope and Glory.
- 21.00 Murphy's Law.
- 22.40 Fool For Love.
- 00.40 The Hitchhiker.
- 01.10 The Brain That Wouldn't Die.
- 03.00 The Swarm.



- 9.00 Golf. The Lancome Trophy sem fram fer í París.
- 11.00 Fjölbragðaglima. (Wrestling). Keppni í Frakklandi.
- 12.00 Knattspyrna. Undankeppni heimsmeistarakeppninnar.
- 13.00 Hjólríðar. Helstu atburðir frá keppnum í Evrópu.
- 14.00 Rugby. Frá Astralíu.
- 15.00 Hafnarbolti. Keppni atvinnu- manna í Bandaríkjunum.
- 16.00 Trans World Sport. Fréttatengd- ur íþróttabáttur.
- 17.00 Sund. Keppni í Frakklandi.
- 20.00 Tennis. Áskorendakeppni í München.
- 22.00 Hjólríðar. Helstu atburðir frá keppnum í Evrópu.



- 5.00 Teiknimyndir.
- 9.00 Tónlist og tíska.
- 10.00 Tourist Magazine. Ferðaþáttur.
- 10.30 Tónlist og tíska.
- 11.00 Hollywood Insider.
- 11.30 Tónlist og tíska.
- 12.00 Charlie Chaplin.
- 13.00 Carry on Laughing.
- 13.30 The Goodies.
- 14.00 Wanted Dead or Alive. Vestras- eria.
- 14.30 Tónlist og tíska.
- 15.00 Dick Turpin. Ævintýramynd.
- 15.30 Evrópulístin. Poppþáttur.
- 16.30 Íþróttir. Kórúbolli.
- 17.30 Honey West. Spennumynd- aflokkur.
- 18.00 Top Hat. Kvikmynd.
- 20.05 Celebrity. Minisería.
- 21.35 Oklahoma Kid. Kvikmynd.